

Föstudaginn 16. maí 1975.

Nr. 34/1975. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Baldri Heiðdal Heiðdalssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.**

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Eiríkur Beck lögreglu-
maður komið fyrir dóm og staðfest undirritun sína undir
lögregluskýrslu. Ákærði var og kvaddur fyrir dóm, og stað-
festi hann það, sem haft er eftir honum í varðstjóráskýrslu
20. mars 1973. Hann skýrði frá málsatvikum að nýju á sama
veg og áður í rannsókn málsins.

Samkvæmt sakavottorði, dags. 31. ágúst 1973, sem lagt
var fram við meðferð máls þessa í sakadómi Reykjavíkur,
hafði ákærði eigi sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo
að kunnugt væri. Við útgáfu sakavottorðs þessa hafa orðið
mistök, því að samkvæmt sakavottorði frá 20. desember 1974,
sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti og örugglega á við
ákærða, hefur hann sætt þrívægis sektum fyrir umferðarlaga-
brot á árinu 1961, einu sinni 1962, tvívægis 1965 og einu sinni
1967. Þá sætti hann 10 daga varðhaldi með dómi sakadóms
Reykjavíkur 8. janúar 1971 fyrir brot á 2. málsg., sbr. 4.
málsg., 25. gr., 1. málsg. 26. gr., 1. málsg. 37. gr., 2. málsg.
41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og fyrir brot
á 1. málsg. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Var
hann jafnframt sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 5. maí 1970.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst
sekur um þrot þau, sem í ákæruskjali greinir. Refsidómur
sá, sem ákærði sætti hinn 8. janúar 1971, hefur ítrekunar-

áhrif á brot þau, sem hann er sakfelldur fyrir í þessu máli. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 11. maí 1973 í tilefni af rannsókn þess brots, sem fjallað er um í máli þessu. Var ákvörðunin birt ákærða samdægurs. Með hinum áfrýjaða dómi var ákærði sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 11. maí 1973, en fékk að nýju ökuleyfi í maí 1974. Þar sem brot ákærða er ítrekað, ber nú samkvæmt 3. málsg. 81. gr. laga nr. 40/1968 og 1. málsg. 24. gr. laga nr. 82/1969 að svipta ákærða ævilangt ökuleyfi frá birtingu dóms þessa að telja.

Urlausn héraðsdómara um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000 krónur. Annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, enda hefur af hálfu ákærvalds verið fallið frá kröfu á hendur ákærða um greiðslu frekari áfrýjunarkostnaðar en málsvarnarlauna.

Það athugast, að ekki sést af rannsóknargögnum, að saka-vottorð frá 31. ágúst 1973 hafi verið borið undir ákærða.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Baldur Heiðdal Heiðdalsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur. Annar kostnaður við áfrýjun sakarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. desember 1973.

Ár 1973, fimmtudaginn 27. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 691/1973: Ákærvaldið gegn Baldri Heiðdal Heiðdalssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu

13. september 1973, gegn ákærða Baldri Heiðdal Heiðdalssyni framreiðslumanni, Víkurbakka 18, Reykjavík, fæddum 20. maí 1943 á Siglufirði, „fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1973 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 25480, vanbúinni til aksturs, frá Hótel Sögu í Reykjavík áleiðis til Njarðvíkur, þar til lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Kringlumýrarbraut.

Telst þetta varða við 2. mgr. 4. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 26. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann hvorki sætt kærnum né refsingum.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt þriðjudagsins 20. mars 1973, klukkan um 0610, stöðvaði lögreglan í Kópavogi ákærða við akstur bifreiðarinnar R 25480 á Kringlumýrarbraut í Fossvogi, en vinstra framljós bifreiðarinnar var óvirkt. Lögreglu virtist ákærði bera þess merki, að hann hefði neytt áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játað, að hann hafi greint sinn ekið bifreiðinni R 25480, svo sem að framan er rakið, enda þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til þreytu við aksturinn.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi 3.00‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játningu ákærða um áfengisneyslu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsí-ákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 10 daga. Þar sem ákærði hefur aldrei áður gerst sekur um nokkurt lögbrot, telur dómurinn rétt, að hann verði ekk látinn þola óskilorðsbundna refsivist vegna máls þessa, en fullnustu refsingar hans verði frestað og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, enda haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá 11. maí 1973 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Heiðdal Heiðdalsson, sæti varðhaldi 10 daga, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 11. maí 1973 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. maí 1975.

Nr. 144/1974. Ólafur Þórarinnsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Sigurjóni Sigurðssyni og

Kristrúnu Sigurðardóttur

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Lögbann. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar:

Rúnar Guðjónsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvalla-sýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. september 1974. Krefst hann þess, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hina umbeðnu lögbannsgerð gegn hæfilegri tryggingu. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.